

Föstudaginn 10. október 1958.

Nr. 15/1957. **Halldór Einarsson**
 (Guðmundur Ásmundsson hrl.)
 gegn
Týli h/f
 (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómarmennir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
 son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
 Snævarr.**

Mál til heimtu skaðabóta fyrir samningsrof.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1957. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Halldór Einarsson, greiði stefnda, Týli h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Ágúst Fjeldsted hrl. höfðað fyrir bæjarþinginu fyrir hönd Týli h/f, hér í bæ, með stefnu, útgefinni 29. júlí 1954, gegn Halldóri Einarssyni, Grettisgötu 98, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr.

7.900.00 vegna samningsrofa, auk 6% ársvaxta frá 1. ágúst 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómars.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómars.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dagsettum 16. september 1952, réðst stefndi sem starfsmaður stefnanda. Skyldi hann vinna í ljósmyndavinnustofu stefnanda hér í bænum og sjá um alla vinnu þar. Í laun fyrir starf sitt skyldi stefndi fá kr. 2.700.00 á mánuði, en innifalin í fjárhæð þessari er uppbót samkvæmt vísitölu, eins og hún var 30. janúar 1952, þannig að kaup þetta var talið samsvara kr. 1.890.00 í grunnkaup á mánuði. Samningurinn var gerður um óákveðinn tíma og uppsegjanlegur af beggja hálfu með mánaðar fyrirvara, miðað við 1. hvers mánaðar. Eftir eitt ár skyldi uppsagnarfresturinn vera 3 mánuðir af hálfu beggja. Ef um veruleg samningsrof yrði að ræða, var þeim aðilja, sem fyrir samningsrofunum varð, heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust. Hinn 31. júlí 1953 fór stefndi fyrirvaralaust úr starfi sínu hjá stefnanda og réðst til annarrar ljósmyndavinnustofu hér í bænum. Skömmu síðar tók annar maður við starfi stefnda hjá stefnanda, en ekki mun hann hafa unnið fullan daglegan vinnutíma.

Stefnandi telur sig eiga rétt til skaðabóta úr hendi stefnda fyrir samningsrof, er nemi eins mánaðar kaupi stefnda, kr. 2.900.00, auk sérstakra bóta að fjárhæð kr. 5.000.00 fyrir tjón, óþægindi og missi viðskipta.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hin fyrirvaralaus brottför stefnda hafi komið sér mjög bagalega fyrir sig, þar sem hún hafi komið á þeim hluta ársins, sem sé mesti annatíminn við störf þau, sem stefndi var ráðinn til. Hafi þetta orðið til þess að vinna hafi stöðvazt um tíma og afgreiðslutími í sambandi við ljósmyndavinnu lengzt í 4 vikur og því margir hætt að skipta við stefnanda. Hann hafi bæði orðið fyrir fjárhagslegu tjóni og miklum óþægindum, þar sem ekki hafi verið hægt að fá starfsmann í stað stefnda á þessum tíma.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að honum hafi verið heimilt að fara fyrirvaralaust úr starfi vegna vanefnda stefnanda á ráðningarsamningi aðilja. Samkvæmt samningi þeirra aðiljanna sé tekið fram, að hann skuli fá 1½ klst. til matar og hafi svo verið til ætlaht, að hálf tími sá, sem var umfram venjulegan matartíma, skyldi vera uppbót fyrir það, að stefnandi fékk engan sérstakan kaffitíma, hvorki árdegis né síðdegis, en heimild til

að neyta nestis síðdegis hafi hann notað sér mjög sjaldan. Er stefndi fékk greitt kaup fyrir desember 1952, kveður hann stefnanda hafa dregið frá kaup fyrir 2½ klst. vikulega, þar sem framkvæmdastjóri stefnanda hafi haldið því fram, að hálf tími sá, sem stefndi fékk daglega 5 daga vikunnar í viðbót við venjulegan matartíma, ætti að reiknast sem vanunninn tími. Kveðst stefndi hafa mótmælt þessari reikningsaðferð þegar í stað við gjaldkera stefnanda og síðar við framkvæmdastjórann, en enga leiðréttingu fengið, og hafi stefnandi síðan haldið áfram þessum hætti um afdrátt kaups af þessum sökum. Þá kveður stefndi stefnanda einnig hafa vanefnt umræddan samning með því að draga af kaupi hans vegna allra almennra frídaga, annarra en sunnudaga, og hafi stefnandi haldið uppteknum hætti í því efni, þrátt fyrir það að hann hafi kvartað yfir því oftár en einu sinni við framkvæmdastjóra og gjaldkera stefnanda.

Viðurkennt er af hálfu stefnanda, að stefndi hafi eingöngu fengið greitt laun fyrir vinnustundir þær, sem telja verður að hann hafi unnið í þágu stefnanda. Af hálfu stefnda hefur því ekki verið andmælt, að stefndi hafi fengið greitt laun þau, sem stefnandi reiknaði honum á þennan hátt.

Í greindum samningi aðilja segir svo um vinnutíma stefnda: „Vinnutími skal vera 43 tímar á viku. Unnið frá kl. 9 á morgnana til kl. 6 á kvöldin. Til matar 1½ tími frá kl. 12—1½. Til kaffidrykkju reiknast enginn tími, en heimilt er H. E. að hafa kaffi og nesti með sér og neyta þess síðdegis á vinnustaðnum. Mun hæfilegt að álíta til þess 10 mínútur, eins og tíðkast annars staðar.“ Þá segir einnig svo: „Kaupið greiðist fyrir 43 tíma vinnuviku. Sé ekki unnið framangreindan vinnustundafjölda að fullu, reiknast kaupið út eftir þeim tíma, sem unnið er, þannig að stundarfjöldinn á mánuði með 43 tíma vinnuviku sé deilt í mánaðarkaupið, og þannig fengið kaupið fyrir hverja klukkustund og það margfaldað með vinnustundafjöldanum gerir mánaðarkaupið.“

Þegar athuguð eru þessi ákvæði samningsins svo og önnur atvik málsins, þá verður eigi talið, að stefndi hafi fært rök fyrir þeim vanefndum af hálfu stefnanda á ákvæðum samningsins, er heimilað hafi honum að fara fyrirvaralaust úr starfi. Verður sýknukrafa stefnda því eigi tekin til greina.

Þá reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu fjárhagslegu tjóni við það, að hann hætti störfum fyrirvaralaust. Daginn, sem hann hætti störfum, kveðst stefndi

hafa boðið framkvæmdastjóra stefnanda að hafa fyrst um sinn með höndum yfirstjórn ljósmyndastofu stefnanda og koma þar daglega til eftirlits, en því boði hafi framkvæmdastjórinn hafnað. Strax síðdegis hinn 31. júlí kveður svo stefndi ljósmyndara nokkurn hafa verið kominn til starfa í ljósmyndastofu stefnanda. Þá kveður stefndi starfsfólk stefnanda hafa unnið án yfirstjórnar sérkunnáttumanns, er hann, þ. e. stefndi, tók orlof sitt fyrr um sumarið. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að af því sem nú hefur verið rakið sé augljóst, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna brottfarar hans, þar sem ljósmyndastofan hafi verið rekin áfram með sama hætti og áður og algerlega truflunarlaust. Ef um einhverja truflun hafi verið að ræða á rekstrinum, þá hafi það verið sökum þess, að framkvæmdastjóri stefnanda hafi vanrækt að sjá fyrirtækinu fyrir ljósmyndavörum.

Vitnið Óskar Gíslason, sem tók við störfum stefnda, hefur skýrt svo frá, að það hafi fyrst í ágústmánuði tekið til starfa hjá stefnanda. Kvaðst vitnið hafa verið að vinna við önnur störf á þessum tíma og því hafa tjáð framkvæmdastjóra stefnanda, er hann leitaði til þess, að það mundi geta hjálpað honum eitthvað til að byrja með, en óskað hafi verið eftir því, að það starfaði hjá stefnanda allan daginn. Kveður vitnið vinnutíma sinn í ágústmánuði hafi verið óákveðinn og hafi starf hans verið fólgið í því að undirbúa verk fyrir annað starfslið verkstæðisins. Hinn 1. september kveðst vitnið svo hafa byrjað að vinna að staðaldri hálfan daginn, fyrri hluta dagsins á verkstæði stefnanda og hafa unnið þannig til 1. janúar 1956. Var starf þetta aðallega fólgið í því að framkvæma vandasamari verk, t. d. stækkanir, en auk þess þurfti það að sinna ýmsum öðrum störfum og líta eftir starfi annars starfsfólks stefnanda, sem annaðist alla almenna ljósmyndavinnu.

Vitnið Sesselja Margrét Albertsdóttir, sem starfaði á ljósmyndaverkstæði stefnanda á þeim tíma, er stefndi lét af störfum, kveður Óskar Gíslason hafa komið á verkstæðið sama dag og stefndi hætti og hafa hafið vinnu þar á fyrsta eða öðrum degi þar á eftir. Kveður vitnið vitnið Óskar hafa unnið aðallega fyrir hádegi, en stöku sinnum eftir hádegi. Ekki kveður vitnið efnisskort hafa verið hjá verkstæðinu, er það vann þar, að öðru leyti en því, að um tíma hafi staðið á pappír, en til hafi verið annar pappír, sem hægt hafi verið að notast við.

Þegar atriði þessi eru virt og það, hvernig háttað var vinnu stefnda, þá verður að telja, að hin fyrirvaralaus og ólögsmæta

brottför hans, er í hönd fór annatími í starfsgrein hans, hafi valdið stefnanda tjóni, enda verður einnig að telja, að stefnanda hafi verið rétt að hafna tilboði stefnda um eftirlit með ljósmyndavinnustofu hans.

Þykir stefnandi eiga rétt á bótum úr hendi stefnda vegna þessa ólögmæta atferlis hans og þykja þær með hliðsjón af ákvæðum 25. gr. laga nr. 22/1928 hæfilega ákveðnar kr. 1350.00. Rétt þykir að reikna vexti frá 29. júní 1954.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1350.00 með 6% ársvöxtum frá 29. júní 1954 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 550.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Einarsson, greiði stefnanda, Týli h.f., kr. 1350.00 með 6% ársvöxtum frá 29. júní 1954 til greiðsludags og kr. 550.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1958.

Nr. 129/1958. Kristján Guðlaugsson,
Jón Benediktsson,
Sveinn Pálsson,
Guðlaugur Aðalsteinsson
og
Óskar Eyjólfsson
gegn
Jóni E. Waage
og
Þórunni Waage.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kært málskostnaðarákvæði fógetaúrskurðar.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp úrskurð héraðsdóms.